Kópavo

Til bæjarráðs

Kópavogi, 30. ágúst 2022
2203355/517.02 BR

Efni: Uppfærð verkáætlun vegna framkvæmda við göngu- og hjólastíg meðfram Lindarvegi á milli Fífuhvammsvegar og Arnarnesvegar

Á fundi bæjarráðs þann 25. ágúst 2022 óskaði Theódóra Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi að lagt yrði fyrir fundinn með afbrigðum óundirbúin fyrirspurn og var það samþykkt. Óskað var eftir uppfærðri verkáætlun fyrir gerð göngu- og hjólastígar meðfram Lindarvegi en verkupphaf hefur frestast frá því sem skrifað var í útboðsgögn sem tilboð voru opnuð þann 25. maí 2022. Verkið var ekki útboðsskylt samkvæmt viðmiðunarfjárhæðum tilgreindar í III. kafla 23. gr. laga um opinber innkaup en í samræmi við góða stjórnsýsluhætti var verkið boðið út í opnu útboði.

Fyrirhugaðar framkvæmdir við göngu- og hjólastíginn voru kynntar fyrir umhverfis- og samgöngunefnd 15. mars 2022 en samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar er umhverfis- og samgöngunefnd *ráðgefandi varðandi skipulag útivistar- og verndaðra svæða, umhirðu þeirra og framkvæmdum á svæðunum með það að leiðarljósi að spilla ekki náttúru og umhverfi. Til útivistar- og opinna svæða teljast landsvæði með ósnortna náttúru, garðsvæði, skrúðgarðar, opin leiksvæði, umhverfi stofnana bæjarins, opin svæði meðfram umferðaræðum og stígakerfi bæjarins.*

Á fyrsta fundi bæjarráðs á núverandi kjörtímabili þann 23. júní 2022 voru lagðar fram niðurstöður útboðsins skjal dags. 7. júní 2022. Bæjarráð vísaði málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar. Á fundi bæjarstjórnar þann 28. júní var málinu vísað til sviðsstjóra umhverfissviðs til nánari skoðunar. Á fundi bæjarráðs þann 7. júlí var lagt fram minnisblað sviðsstjóra og samþykkti bæjarráð með hjásetu Theódóru Þorsteinsdóttur að ganga til samninga við lægstbjóðenda.

Ljóst var á þessum tímapunkti að verkáætlun tilgreind í útboðsgögnum myndi ekki nást og að verkupphaf myndi tefjast enn frekar þar sem verktaki var kominn í önnur verk sem þyrfti að ljúka. Upphafleg verkáætlun gerði ráð fyrir að 1. verkáfangi myndi ljúka 15. september 2022, 2. verkáfangi myndi ljúka 20. desember 2022 og 3. verkáfanga myndi ljúka 1. júní 2023.

Í ljósi seinkunar á upphafi verksins lýtur uppfærð verkáætlun út sem eftirfarandi, en rétt er að taka fram að dagsetningar geta riðlast sökum veðurfarsaðstæðna eða annarra ófyrirséða atburða.

2. verkáfangi lýkur 31. nóvember 2022
1. verkáfangi lýkur 1. ágúst 2023
3. verkáfanga lýkur 20. ágúst 2023

Verktaka er heimilt í samráði við verkkaupa og eftirlitsmann að hnikra til uppröðun verkáfanga ef aðstæður leyfa og ef slíkt verði til að verktími styttist. Lögð er áhersla á

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

að einungis sé unnið á einum verkáfanga í einu til að draga úr raski og óþægindum sem framkvæmdirnar kunnu valda vegfarendum og íbúum í nágrenni framkvæmdasvæðisins

Virðingarfyllst,



Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026